

Fundargerðir stjórnar DÍS

Starfsárið 2014-2015



Fyrirvari við notkun:

Fundargerðir stjórnar Dýraverndarsambands Íslands eru birtar til að sýna framvindu og sögu félagsins. Ef fundargerðirnar eru notaðar eða birtar annars staðar óskum við eftir að vísað sé til uppruna þeirra og orðalagi þeirra sé ekki breytt.

1. Fundargerð 08. Maí 2014

Dýraverndarsamband Íslands, fyrsti fundur stjórnar, haldinn að Grensásvegi 12A í húsnæði DÍS, þann 08.05.2014 kl. 19:30.

Mættir Benedikt, Hallgerður

Fundur hefst kl. 19:45.

Linda og Sif mæta síðar

1. Fundargerðir tveggja síðustu funda til samþykktar.

Þær eru samþykktar.

2. Undirritun ársskýrslu og ársreikninga (klára)

– Mættir stjórnarmenn skrifa undir, Klara á eftir að skrifa undir ársreikning, og Klara, Róbert og Anna undir ársskýrslu

3. Skráningar- og prókúruskipti stjórnar (undirbúa)

– Mættir stjórnarmenn skrifa undir, Sif Róbert og Anna eftir

4. Vinnuáætlun starfsársins, dagatal

Rætt að miða við síðasta fimmtudag í mánuði kl.19:30 fram að áramótum og aukafundi annan fimmtudag hvers mánaðar þegar þess þarf.

Miðað er við að fundir taki 2,5 tíma hverju sinni. Sett verður upp Excel-dagatal sem verður inni á droppinu öllum til glöggvunar. Ath að biðja starfsmann að samræma dagatalið við gmail-calendar.

5. Fundarform (og punktar Sigursteins)

Farið yfir punkta Sigursteins og unnið fundarform út frá því – allir punktarnir reynast nýtsamlegir og verður unnið út frá þeim - formið verður sett á droppið þegar það er fullunnið. Ákveðið að ef þörf er á að nota Skype á stjórnarfundum sé það undirbúið með fyrirvara; þ.e. að þeir sem ekki komast láti vita tímanlega.

6. Starfsmannamál / starfsdagur á skrifstofu.

Vænlegir starfsmenn ræddir, en ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni í 40% stöðu. Formaður tekur að sér að fara yfir umsóknir með aðstoð fráfarandi starfsmanns og velur ca. 20 vænlega til viðtals. Aðrir stjórnarmenn beðnir að fara yfir umsóknir og kunningjahóp að auki. Allmennt miðað við einn fastan starfsdag í viku þar sem skrifstofan er opin, en annar tími er skilgreindur eftir þörfum.

Starfsdagur þar til nýr starfsmaður er kominn er á ábyrgð formanns með aðstoð stjórnarmanna sem eiga lausan tíma hverju sinni.

7. Ályktun vegna ályktunar FT um mál með tunguboga.

Farið yfir pistil DÍS til Eiðfaxes og hann samþykktur. Einnig unnin almenn ályktun vegna tungubogamála sem send verður í fjölmiðla. Formaður tekur hvort tveggja að sér.

8. Afmæli DÍS 130714

Ákveðið að halda afmælishátíð 13 júlí í húsakynnum félagsins og kynna þar áform félagsins um að stofna dýraathvarf í samstarfi við fleiri félög og áform um að stofna til

velferðarvottunar búfjár. Frekara kynningarstarf vegna dýraathvarfs og vottunarferlis fer þá fram í haust þegar undirbúningsvinna er komin lengra. Sif segir frá verkefni viðskiptafræðinema varðandi dýraathvarf, sem etv. er hægt að fá leyfi til að nýta til hliðsjónar.

Halda aukafund með fulltrúum Dýrahjálpar og Kattholts í mai og síðan etv fulltrúa ráðuneytis, MAST, Reykjavíkurborgar o.fl.sveitarfélögum í framhaldi af því. Næsti vanalegi stjórnarfundur boðaður 29. mai kl. 19:30.

9. Önnur mál

Samþykkt að formaður fái að velja og senda tillögu að nýju löngu fundarborði með amk. 8 stólum og einnig að keypt verði webcam fyrir Skype – fundi.

(Fundur með fulltrúum Dýrhjálpar 22. maí)

Næsti vanalegi stjórnarfundur boðaður 29.mai kl. 19:30

2. Fundargerð 29.maí 2014

Annar fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 29. maí 2014.

Mættir: Linda, Hallgerður, Sif, Róbert er seinn, Benedikt og Anna afboða.

1. fundargerð frá því síðast er samþykkt.

2. Málum miðað frá því síðast. Héldum fund með Dýrahjálpi Íslands þar sem rædd var hugmynd um að stofna til söfnunar vegna dýraathvarfs saman. Ákveðið var að orða viljayfirlýsingu um samstarf í þessu efni og kynna á afmælisfundum. Árangur hefur náðst varðandi ódeyfðar geldingar grísa, sem voru aflagðar með yfirlýsingu frá svínabændum, daginn eftir að formaður DÍS fór í Kastljós ásamt formanni Félags Svínabænda og ræddu málið í beinni útsendingu. Formaður fór á aðalfund hjá UST. Málefni tungubogaméla hafa einnig verið rædd mikið í fjölmiðlum og DÍS sendi frá sér ályktun og áskorun til ráðherra um að banna þessi mál alfarið. LH hefur nú bannað notkun þeirra á atburðum og aðildafélögum á þeirra vegum og birti ályktun DÍS á heimasíðu sinni. Svar barst frá Náttúrustofu Austurlands vegna hreindýrafyrirspurnar, og ljóst er að þessi ákvörðun liggur hjá UST og ráðuneyti. Ákveðið að senda ítrekun á UST og afrit á ráðuneytið, óska eftir svörum. Vinna seinna bréf (formaður) og kynna á dropboxi, senda það ca miðjan júní.

3. Afmæli DÍS 13 júlí 2014 : verður haldið heima á Grensásvegi. Fjölmiðlum boðið. Grein áður; kynna afmælið og bjóða opið hús. Senda póst á alla félagsmenn. Fyrrum stjórnarmenn. Hafa framsögu um sögu DÍS (Linda) og framtíðarsýn DÍS (Hallgerður). Hafa t.d. grænmetisrétt og kjötsúpu og kökur.

4. Erlent nafn DÍS. Ákveðið að velja **IAWA Icelandic Animal Welfare Association**. Látta vinna bréfsefni og umslög með íslensku og erlendu heiti félagsins.

5. Erindi Animals Asia er samþykkt.

6. (og 8) Staða mála varðandi titilvörn. Óformlegt svar hefur borist frá manni sem notar lénið Dýraverndarinn, bæði til DÍS og lögmanns DÍS. Málið er í vinnslu. Ákveðið að kaupa ýmis íslensk lén um dýravelferð, og linka á heimasíðu DÍS.

7. Vinna texta til að hafa með umsögnum og kynna umsagnir DÍS með linkum á heimasíðunni okkar. Í textanum komi fram að til þess að kynna sér reglugerðirnar sjálfar þurfi fólk að hafa samband við ráðuneytið og einnig að umsagnir miðist við að farið sé eftir reglugerðum.

8. Grein frá formanni vegna hesta og tungubogaméla. Hallgerður sendir sem hún sjálf og sem formaður DÍS, en sendir fyrst til samþykktar á stjórnarmenn, greinin þarf að vera í anda félagsins samkvæmt lögum þess og stefnu og almenn sátt um hana, en þetta er samt ekki stjórnargrein.

9. Auglýsing vegna starfsmanns.

Ákveðið að prófa til reynslu að hafa sem starfsmann formann félagsins í þrjá mánuði.

Ákveðið að hafa starfið 30% og vinna samkvæmt starfslýsingu sem fyrir liggur fyrir starfsmann félagsins, en formaður haldi jafnframt nákvæma dagbók yfir störf sín og unnin

verði aðgreining á skyldum formanns (sem hann gefur sem stjórnarmaður) og starfsmannsskyldum.

10. Ályktun um fyrirhugaða fækkun sláturhúsa. Ákveðið að senda fyrirspurn til Landssambands Sláturleyfishafa og ráðherra og afrit til Bændasamtakanna;

Ályktun vegna áætlunar um fækkun sláturhúsa. Ákveðið að senda fyrst fyrirspurn til ráðherra og Landssambands Sláturleyfishafa.

Efni: Fyrirspurn vegna hugmyndar um fækkun sláturhúsa.

Dýraverndarsamband Íslands hefur áhyggjur af því að fækkun sláturhúsa leiði til meira álags og minni velferðar fyrir búfé sem flutt er langar leiðir. Vegna þessa óskum við eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað er gert ráð fyrir að flutningstími húsdýrs frá bæ að sláturhúsi geti orðið langur að hámarki? Hvað er gert ráð fyrir að heildarflutningstími á bíl geti orðið að hámarki, af þeim tíma?
2. Hvaða kröfur eru gerðar til aðbúnaðar á söfnunarstöðvum og hversu lengi er reiknað með að dýr dvelji þar að hámarki? Hversu mikilli viðveru starfsmanns/manna er reiknað með á slíkum söfnunarstöðum að lágmarki? Er reiknað með að hægt verði að halda hópum frá mismunandi bæjum aðskildum þar?

12. fundur með Mast og lögreglu: frestað þar til síðar.

13. Önnur mál. Létt spjall.

Næsti fundur er boðaður síðasta fimmtudag í júní, undirbúningur fyrir afmæli.

Þung mál bíði fram til haustsins, utan eftirfylgni við mál í vinnslu.

Fyrsti fundur að hausti verður síðasta fimmtudag í ágúst.

3. Fundargerð

Þriðji fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 29. maí 2014.

Mættir eru: Linda, Hallgerður, Benni

1. Samþykkt síðustu fundargerðar. Fundargerð er samþykkt.

2. Framvinda mála frá síðasta fundi. HH; Mikil samskipti við fjölmiðla, bæði tengt geldingu grísa, tungubogamélum, gæludýra og sumarleyfa og veiðum á minkum auk annars.

Ennfremur hafa samskipti við lögmann vegna titilvarnar verið talsverð, en lögmaður telur að til málsóknar þurfi að koma til þess að verja titilinn.

Fyrirspurn barst vegna sveitarfélaga sem lána búr til kattaveiða til einstaklinga. Einnig virðast reglur um hve oft slíkra búra er vitjað ekki virtar (eða nógu skýrar), þar sem starfsmenn eru einungis að störfum í dagvinnu en búrin jafnvel notuð um nætur.

HH. falið að afla upplýsinga um þetta hjá tengiliði okkar hjá Rvk borg.

Enn er eftir að senda fyrirspurn til ráðherra og Landssambands sláturleyfishafa varðandi áætlun um fækkun sláturhúsa. HH klárar málið ásamt því að kaupa lén samkvæmt ákvörðun síðasta fundar.

3. Áskorun til ráðherra til varnar starfsmönnum að velferð dýra. HH leggur fram tillögu að texta sem er framunninn á fundinum og samþykktur. HH sendir þetta á ráðuneytið og á fjölmiðla.

4. Minningaskjöldur um Sigríði. Linda hefur skoðað nokkrar útgáfur og fer yfir þær – áætlaður kostnaður er rétt um 10þús kr. Lindu falið að klára málið.

5. Grein formanns tengt hestamélum. Hallgerður leggur fram grein sína sem er kláruð á fundinum.

6. Undirbúningur afmælis. Staðfest að halda upp á afmælið með áður ákveðnum hætti nema hafa veitingar fremur í léttari kantinum, kökur og puttamat. *“verður haldið heima á Grensásvegi. Fjölmiðlum boðið. Grein áður; kynna afmælið og bjóða opið hús. Senda póst á alla félagsmenn. Fyrrum stjórnarmenn. Hafa framsögu um sögu DÍS (Linda) og framtíðarsýn DÍS (Hallgerður) (Benni verður kynnr)”* Rætt að kaupa ísskáp og halda undirbúningsfund tímanlega fyrir afmæli. Ákveðið að hittast til undirbúnings sunnudaginn 06.júl kl. 16:00

7. Önnur mál. Linda vill skoða heimasíðu félagsins og koma með tillögu að endurbótum og etv öðru kerfi (word press) Hallgerður leggur fram tillögu þess efnis að DÍS taki aftur upp útgáfu minningargjafaspjalda fyrir þá sem vilja minnast látinna ættingja eða vina sem voru dýravínir með peningagjöf í Sólskríkjusjóð. Hún leggur fram fallett bréfspjald sem notað var á árum áður og er samþykkt að endurvekja þennan sið með útgáfu spjaldsins. Við þurfum ennfremur að vinna eignalista DÍS.

Fundi er slitið kl. 22:00

Næsti reglulegi stjórnarfundur er síðasta fimmtudag í ágúst kl. 19:30

4. Fundargerð 28. ágúst 2014

Fjórði fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 28. ágúst 2014.

Mættir eru: Sif, Hallgerður, Benni og Anna – Róbert bættist við

1. Samþykkt síðustu fundargerðar. Fundargerð er samþykkt.

2. Framvinda mála frá síðasta fundi.

HH. mun senda fyrirspurn til sveitarfélaga varðandi stefnu þeirra vegna týndra dýra og villtra dýra í nauðum í framhaldi af umræðu um kattabúr.

Enn er eftir að senda fyrirspurn til ráðherra og Landssambands sláturleyfishafa varðandi áætlun um fækkun sláturhúsa. Það verður gert seinna í vetur. HH vinnur að því að kanna kaup á lénum og skilar yfirliti á næsta fundi.

3. Erindi frá Kattholti

Erindið tekið fyrir og rætt ásamt tölvupósti og blaðagrein. Svar samið við erindinu.

4. Aðalfundargerð 2014

Anna er að leggja lokahönd á fundargerð og mun kynna hana á næsta fundi.

5. Praktísk mál /rekstur / framvinda

Ýmis praktísk mál rædd og eru í farvegi. Starfsmannamál rædd og ákveðið að halda sömu tilhögun til áramóta en hafa jafnframt augun opin fyrir framtíðar starfsmanni.

6. Hugsanleg undirskriftarsöfnun vegna geitastofnsins

Stjórn DÍS samþykkir undirskrifasöfnun. Saminn texti til undirritunar. HH kynnir sér framkvæmd “petition” á netinu og athugar mögulegan kostnað.

7. Erindi sem borist hafa frá félögum og almenningi

(kattaveiðibúr, fuglateinar, tífætlukrabbar, dráp á meindýrum)

Þessi liður geymdur til næsta fundar

8. Blaðagreinar

Formaður hvetur stjórnarmenn til greinaskriða með því markmiði að DÍS sendi amk eina grein á mánuði í fjölmiðla. Hún leggur fram grein um hrossaflutninga og er hún samþykkt af stjórn.

9. Mast/lögregla/ fundur um viðbrögð vegna dýra í neyð

Stefnt að því að biðja um fund, rætt betur á næsta fundi.

10. Málþing DÍS í haust “Jákvæðir þættir samskipta við dýr”

Samþykkt að halda málþing í haust, athugað að fá erlendan framsögumann. Ath etv styrkveitingu vegna kostnaðar við það.

11. Önnur mál.

Litla gula hænán og Móar selja “vistvæna kjúklinga” án þess að til sé vottunarkerfi fyrir slíkt.

Rætt um “velferðarvottun” á vegum DÍS, etv í samstarfi við önnur félög.

Lagt til að tala við Dyrenes Beskyttelse til að kynna sér þeirra aðferðir, jafnvel að fara og heimsækja í framtíðinni.

Á næsta fundi á að ræða framvindu samþykka á reglugerðum dýraverndarlaga – HH kannar bakgrunninn.

Fundi slitið kl 22:25, næsti fundur haldinn 25.09 kl. 19:30

5. Fundargerð 25. september 2014

Fimmti fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 25. september 2014.

Mættir eru: Hallgerður, Benni, Anna og Linda

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar (og stutt yfirferð á framvindu síðan síðast)

Fundargerð samþykkt og farið yfir framvindu – hætt var við undirskriftasöfnun vegna tímaskorts ofl. Eftirfarandi lén verða keypt; dýravernd, dýravínurinn, dýravelferð, dýraverndarinn, öll bæði hefðbundin og með íslenskum sérstöfum.

2. fundur með MAST og lögreglu, undirbúningur.

Byrjum að vinna að undirbúningi slíks fundar. Málið sem þyrfti að ræða á fundinum; Hvaða svör getur DÍS gefið fólki sem kemur með fyrirspurnir vegna dýra í vanda, villtra eða týndra, eða vegna illrar meðferðar, samkvæmt þessum aðilum. Semja vel undirbúnar undirspurningar. Koma með tillögur á næsta fundi.

3. Praktísk mál.

Búið að fá einkaleyfi á gamla logoinu. Önnur einkaleyfa og vörumerkjámál eru í vinnslu. Félagsgjöld verða send út í næstu viku. Athuga að senda eldri tölublöð Dýraverndarans á ýmsar stofur.

4. Aðalfundargerð 2014.

Anna leggur fram aðalfundargerð 2014 sem liggur í dropboxinu. Stjórnarmeðlimir lesa hana yfir fyrir næsta fund og verður hún þá tekin til samþykktar.

5. Erindi félaga.

Sendu fyrirspurn til MAST varðandi aflífun tífatlukrabba á veitingahúsum. Anna sendir spurn.

Broddar á ljósastaurum fyrir utan sjávarfangsfyrirtæki sem meiða villta fugla, MAST hefur athugað málið. Meindýraeyðir notar mynd af starra í auglýsingu; kanna hvað MAST segir um umboð meindýraeyða til eyðingar “meindýra” (Starrar, límspjöld fyrir mýs, drekkingar, gildruveiðar o.fl.). Verður athugað betur seinna.

Erindi varðandi vottun á vistvænum eggjum, ákveðið að fylgja málinu eftir með fyrirspurn til ráðuneytis. HH sendir erindi um þetta, ásamt bréfi til Lbhi varðandi áherslur um dýravelferð í kennslu.

6. Blaðagreinar.

Linda og Benni eru með hugmyndir að greinum sem þau munu skila á næstu fundum.

Aðrar greinar ekki tilbúnar eins og er.

7. Málþing /opið hús

Rætt að fá 4 framsögumenn utan DÍS um það sem er jákvætt og auðgandi í samskiptum manna og dýra. (ath geðræn áhrif, blóðþrýsting ofl. ofl.) T.d. bónda, dýralækni, dýravin, hundabjálfa, fuglaverndara, refavin osfrv. Ákveðið að klára undirbúningsfund í annan fimmtudag í október með það fyrir augum að halda þingið í lok okt – snemma í nóv.

8. Starfshópur um endurskoðun á vernd og velferð og veiðum villtra dýra og fugla - óska eftir þátttöku DÍS í þeirri vinnu?

HH sendir erindi í ráðuneyti.

9. Dýr í sumarhúsum (sérstaklega stéttarfélag, þar sem allir ættu að njóta)

Ákveðið að hafa samband við félög sem gætu haft forgöngu um þetta mál, og bjóða þeim etv. stuðning okkar. (Félag ábyrga hundaeigenda ofl.)

10. Dauðatími hvala - senda erindi?

DÍS sendir fyrirspurn um hvernig gengur með þessar mælingar og hvenær þær verða birtar.

11. Velferðarvottun - frumdrög/tillaga til athugunar.

HH kynnrir hugmynd að ferli vottunar á vegum DÍS. Hún fær umboð stjórnar til að vinna hugmyndina áfram.

12. Dýraverndarinn 2015, (ef tími gefst)

Frestað til næsta fundar

13. Erindisbréf DÍS til fulltrúa í fagraði um velferð dýra

Frestað til næsta fundar

14. Önnur mál.

Athuga að setja inn á heimasíðu "Q&A" ábendingar til fólks ásamt tenglum vegna dýra í vanda.

Áverkar hrossa, dýraeftirlitsmenn eru t.d. stundum jafnframt dómara á kynbótasýningum – þetta er hluti af heildstæðum vanda varðandi þennan vanda og er ekki ásættanlegt.

Getum við athugað hvernig MAST hefur hugsað sér regluumhverfi varðandi þetta? Tekið á dagskrá á næsta fundi.

Flugeldasala á Reykjanesi – Benni sendir fyrirspurnir.

6. Fundargerð 9. október 2014

Sjötti fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 12, 09. október 2014.

Aukafundur.

Mættir eru: Hallgerður, Benni, Anna, Sif og Linda

1. Málþing

Frá síðasta fundi; Rætt að fá 4 framsögumenn utan DÍS um það sem er jákvætt og auðgandi í samskiptum manna og dýra. (ath geðræn áhrif, blóðþrýsting ofl ofl) T.d. bónda, dýralækni, dýravin, hundþjálfara, fuglaverndara, refavin osfrv. Ákveðið að klára undirbúningsfund í annan fimmtudag í október með það fyrir augum að halda þingið í lok okt – snemma í nov.

Á þessum fundi; fyrsta val rætt, dagsetning ofl – stungið upp á 08 november

Fyrsta val:

Margrét Björk Sigurðardóttir– HH talar við hana ?

subject; ath hvað hún vill tala um varðandi auðgandi áhrif dýra.

Drífa Gestsdóttir hundþjálfari – Linda Karen talar við hana

subject; Hvað auðgar líf hennar í samskiptum hennar við dýr og hvernig sér hún auðgandi áhrif dýra í lífi sinna viðskiptavina.

Kristján Oddson Bíóbú – Anna talar við hann

subject; afhverju er auðgandi fyrir hann persónulega að leggja áherslu á að hugsa vel um búfé sitt.

Dagmar Vala Hjörleifsdóttir – Sif talar við hana

subject; hvaða auðgandi áhrif hafa samskipti hennar við dýr sín og viðskiptavina sinna og hvernig sér hún þau áhrif í lífi viðskiptavina

Annað val;

Ólafur Dýrmunds – í stað Kristjáns

Hanna María Arnórsdóttir dýralæknir – í stað Dagmar

María villikatta Þorvarðar - í stað Drífu

Berglind Reykjalundi - í stað Margrétar Bjarkar

Dagskrá;

HH opnar fundinn og segir frá erindi James Serpell.

Fundarstjóri valinn

Framsögumenn 1 til 4;

“Um það sem er jákvætt og auðgandi í samskiptum manna og dýra”.

Spurningar til framsögumanna / pallborð á eftir

Tímabil; fjórar vikur til 08 nov.

Reiknum með kl 14 – 16

Tala við framsögumenn og fá samþykki þeirra sem fyrst

Búa til “event” á facebook, dagsetning og staður,

Setja tilkynningu á heimasíðuna

Fá kynningu í fjölmiðlum, ath fréttatilkynningar/blaðgrein frekar en auglýsing.

Anna talar við DV

Setja frétt í BBL, HH talar við Teit

Ath veitingar – etv fá styrki/matvæli frá fyrirtækjum? HH kaupir inn.

Allir mæta kl. 12:30 til undirbúnings, húsið opnar 13:30

2. Reglugerð um alifugla

HH segir frá, afstaða ráðuneytisins að fólk almennt þarf ekki að sjá reglugerðirnar vegna þess hve fáir nota þær – óviðunandi afstaða, rætt að vísa þessu til neytendasamtakanna.

Sif, email athugasemdir við alifuglareglugerðirnar.

Meðal annars varðandi goggstýfingu og fiðurfellingu.

Klára á laugardag – kl 13

7. Fundargerð 30. október 2014

Sjöundi fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn í Sigríðarhúsi, 30. október 2014.

Mættir eru: Hallgerður, Sif og Linda. Lindu falið að vera ritari í fjarveru Benedikts.

1. Fundargerðir síðustu funda til samþykktar

Fundargerð er samþykkt með breytingum.

2. Aðalfundargerð 2014 til samþykktar

Aðalfundargerð er samþykkt með breytingum.

3. Stuttlega farið yfir framvindu mála frá síðasta fundi

Ekki búið að ganga frá kaupum á lénum, verður gengið frá því sem fyrst.

Ákveðið að halda aukafund fyrir "Q&A" og til að undirbúa spurningar fyrir fund með lögreglu og MAST.

Framvinda í undirbúningi málþingsins rætt. Þrír fulltrúar hafa staðfest komu sína, Hallgerður verður í sambandi við þau. Kaffiveitingar og kynningar á málþinginu ræddar.

4. Dýraverndarinn 2015

Umræður um inntak blaðsins. Mætti innihalda fleiri jákvæðar sögur af dýrum. Áætlað er að hafa blaðið hálfri örk stærra næst og að það innihaldi auglýsingar og styrktarlínur. Blaðið verður gefið út rétt fyrir aðalfund 2015.

5. Erindisbréf DÍS í Fagráð um velferð dýra

Erindisbréf var samið og verður sent fulltrúa DÍS í fagráði um velferð dýra.

6. Sólskríkjusjóðurinn, virkjun hans

Frestað til næsta fundar.

7. Afstaða til ályktanna um illa meðferð dýra erlendis (norðurlönd (t.d. grindhvaladráp) og önnur lönd)

Stjórn DÍS telur ekki tímabært að vinna ályktanir á illri meðferð dýra erlendis á meðan svo mikið er óunnið hérlendis.

8. Afstaða til innflutnings á afurðum sem yrðu ekki leyfðar í framleiðslu hér vegna dýravelferðar (t.d. foie-gras)

Rætt að þrýsta á verðslanir og veitingastaði og upplýsa neytendur þar sem þarna er um að ræða vöru sem framleidd er við lægra velferðarstig en leyfilegt er hér á landi. Rætt að þrýsta á ráðherra að setja reglugerð í samræmi við 25. gr. 55/2013.

9. Dýr í íslenskum kvikmyndum

Frestað til næsta fundar.

10. Málefni villikatta

Frestað til næsta fundar.

11. Málefni hunda sem ráðast á fé

Frestað til næsta fundar.

12. Önnur mál

Sif óskar eftir að á næsta fundi verði unnin listi yfir verðug baráttuefni og valin tvö til þrjú málefni sem verði þungamál 2015.

Rætt um framvindu aðbúnaðarreglugerða.

Sif sagði frá samskiptum við Miðlun varðandi fjáröflunarkerfi. Ákveðið að fá fund með starfsmanni Miðlunar í janúar 2015 eftir að stefnumál félagsins fyrir árið hafa verið mótuð.

8. Fundargerð 27. nóvember 2014.

Áttundi fundur stjórnar á starfsári 2014, haldinn að Grensásvegi 12, 27. nov. 2014.

Mættir eru: Hallgerður, Benni, Sif og Linda

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerðin er samþykkt.

2. Blaðagreinar og bréf frá DÍS

Linda kynnir grein um kappreiðafyrirtæki Icehorse Extreme – greininni vel tekið

Farið yfir bréf frá DÍS til stofnanda fyrirtækisins.

HH skrifar yfirlitsgrein vegna málþingsins, sendir til yfirlustrar.

3. Praktísk mál og framvinda s. síðast

Linda hefur athugað mál varðandi bogfimi á hestbaki. Lítur ekki illa út, en bent á að fjalla mætti um velferð dýra þegar svona viðburðir eru auglýstir.

Útleiga á salnum er að aukast og er það vel.

HH kynnir bréf frá LEX varðandi einkaleyfi og orðmyndir – enn verið að vinna í þeim málum.

Ath lífeyrissjóðsmál fyrri starfsmanna, þau mál eru í farvegi.

Fleira varðandi fjármál, laun o.fl

4. Dýr í íslenskum kvikmyndum

Linda leggur til að DÍS tali við aðila sem halda utan um notkun dýra í kvikmyndum héraendis.

Hún fylgir málinu eftir.

5. Málefni villikatta

Félagið Villikettir óskar eftir fundaaðstöðu hjá DÍS, sem og því að DÍS meti hvort starfsemi félagsins samræmist góðri dýravelferð. Svarbréf samið á fundinum og samþykkt að útvega húsnæði fyrir stjórnarfundi til skamms tíma í senn.

6. Málefni hunda sem ráðast á fé

Að hvaða samtali vill DÍS stuðla varðandi slík mál? HH ræddi við félag sauðfjárbænda.

Rætt um málið og þykir etv betra að nálgast það varðandi ábyrgð hundaeigenda almennt.

Framhaldið næsta fundi.

7. Sólskríkjusjóður

Rætt um kaup á fuglafóðri til að gefa í þágu villtra fugla. Etv gott að semja leiðbeiningar varðandi fóðrun smáfugla, etv bæklinga frá fuglavinafélaginu. HH útfærir frekar.

8. Eftirfylgni: Innflutningur með minni velferð dýra en gerð er krafa um hér.

Útflutningur til Rússlands og innflutningur til Íslands vekur spurningar um dýravelferð o.fl.

Ákveðið að ræða við Neytendasamtökin og athuga málið betur.

Samin ályktun vegna Foi-gras sölu ofl.

9. Erindi frá félaga vegna útivistar nautgripa

Samþykkt að DÍS tilkynni málið til MAST og fylgi því eftir.

10. Erindi frá félaga v íþyngjandi skilyrða við útleigu íbúða

(dýrahald bannað fyrirfram, sem gengur lengra en lög)

Ákveðið að tala við Liselotte og fá álit hjá henni hvort þetta stangast á við lög.

11. Opið hús í desember

12. Aðventu-lestur 8. Desember

Þessum liðum verður slegið saman, opnu húsi DÍS og aðventulestri í samvinnu við

13. Stjórnarfundir og starfsemi eftir áramót

14. Meindýr

Það hefur verið rætt við MAST og þar eru mál í farvegi – fylgjum þessu eftir!

Rætt að skrifa frétt í mbl til að vekja athygli á að drekkingar músa eru lögbrot.

15. Dýraverndarinn

Lítill saga um tólg og mýs – stjórnarmenn hvattir til greinaskrifa tímanlega.

16. Önnur mál – HH ræðir tillögu um logo. Stjórn list vel á og samþykkir logoið !

Næsti fundur verður haldinn 29. janúar, eftir jólaafri og hefst stundvíslega kl. 19:30.

9. fundargerð 29. janúar 2015.

Níundi fundur stjórnar á starfsári 2014-2015, haldinn að Grensásvegi 12A, 29. jan. 2015.

Mættir eru: Hallgerður, Benni, Anna og Linda. Anna vísar af fundi um kl. 21:00

1. Fundargerð frá því síðast til samþykktar.

Fundargerðin samþykkt.

2. Blaðgreinar.

Ákveðið að fresta birtingu ályktunar vegna foi-gras ofl, og leggja meiri vinnu í að ályktunin verði á breiðari grundvelli. Skrifa grein vegna hreindýraveiðitímabils og ítreka erindi til ráðuneytis. Fleiri með greinar í smíðum.

3. Praktísk mál.

Leki kom að húsinu sem olli skaða á loftplötum sem ekki fæst bættur, Benni kaupir efni og lagar loftið. Ennfremur unnið í einkaleyfamálum vegna nafna ofl. Rætt um "bókasafn" DÍS sem við viljum að stækki hægt og sígandi. Stjórnarmenn hvattir til að kaupa áhugaverðar bækur þegar þær fást ódýrt, en annars sækja umboð til kaupanna. Starfsmannamál, HH kynnir vinnudagbók og hugmyndir um 35% starfshlutfall framtíðar starfsmanns og mun gera starfsmannasamning og góða starfslýsingu í framhaldinu. Einnig talað um "fast opið hús" í stað opnunartíma skrifstofu.

Samþykkt að hafa opinn fund síðasta laugardag í hverjum mánuði, og starfsmaður og einn stjórnarmaður mæti til utanumhalds. Þrífamanneskja hefur verið ráðin, hún fær 7000 kr fyrir skiptið, einu sinni í mánuði, en fékk 10.000 kr fyrir janúar, vegna uppsafnaðra óhreininda.

4. Framvinda ýmissa mála s. síðast. Allt komið fram undir síðustu grein.

5. Hundar sem ráðast á fé (framhald síðan síðast)

Þessu máli bætt á lista sem rætt verður við MAST og lögreglu, og síðan útbúnar upplýsingar til almennings. Allir sammála um ábyrgð gæludýraeigenda og að um alvarlega vanrækslu sé að ræða ef hundar eða önnur dýr eru yfirgefin, þegar þau tynast.

6. Aðalfundur DÍS 2015. Stefnt á 18. eða 25. apríl – maí til vara.

7. Tilraun til að gelda ekki grísi – okkar stuðningur með tilliti til dýravelferðarsjónarmiða.

Samþykkt að óska eftir bóndanum á fund, og styrkur veittur ef verkefnið samræmist dýravernd.

8. Ráðstefna BÍ, DÍS, DÍ, LBHÍ og MAST vegna reglugerða.

23. febrúar verður haldin ráðstefna um þessi mál, spurning hvort við getum lagst yfir reglugerðirnar til að verða tilbúin fyrir ráðstefnuna. Samþykkt að gera það laugardaginn 14. febrúar.

9. Vinnuhópur ANR um vistræna reglugerð. (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.)

Ljóst er að reglugerð um vistvæna vottun verður lögð af. Hópnum finnst að einkaaðilar eigi að sjá um vottanir almennt, en að reglugerð verði sett um fyrirkomulag vottana. Hópurinn telur að dýraverndarsamtök ættu að sjá um vottun vegna velferðar húsdýra o.s.frv.

Fulltrúi DÍs lagði áherslu á að gerð verði reglugerð varðandi lágmarkskröfur um viðmið vottunar þegar um er að ræða aukna velferð eða gæði sem hægt væri að vinna útfrá.

Þetta verður rætt betur á næsta fundi nefndar ANR og vottunaráætlun settar á dagskrá næsta stjórnarfundar DÍs.

10. Ungliðahreyfing DÍs til umræðu.

Lagt til að stofna ungliðahreyfingu DÍs vegna áhuga ungmenna undir lögaldri. Félagsaðild væri ókeypis til 18 ára aldurs og félagar fengju dýraverndarann frítt, séu þau virk í ungliðahreyfingunni. Þátttaka yrði heimil til t.d. 24 ára aldurs ef fólk er skráð fyrir 18 ára aldur. Ljóst að einhver stjórnarmaður yrði að halda utan um starfið að einhverju leiti, ath hver getur tekið það að sér eða hvort þessu yrði bætt við starfsskyldu starfsmanns?

Stofnun hreyfingarinnar samþykkt, enda sé hún í góðu samræmi við stefnu félagsins, setja þarf siðareglur sem foreldrar geta kynnt sér.

Hlutverk ungliðahreyfingarinnar er að stofna vettvang þar sem ungt fólk getur komið saman og rætt dýravelferð, ásamt því að halda atburði því tengdu.

11. Dýraverndarinn 2015

Rætt um efnistöð næsta tímarits, sem kemur út fyrir aðalfundinn. Halda aukafund vegna Dýraverndarans fyrstu vikuna í mars.

12. Vísindaferð HÍ í samvinnu við Dýrahjálp

27. mars koma nemendur í HÍ í vísindaferð til DÍs og Dýrahjálpar Íslands, haldið með sama sniði og í fyrra – Sif samþykkir að taka það að sér.

13. Q&A fundur?

Q&A á heimasíðunni í bígerð, samþykkt að geyma það þar til eftir aðalfund.

14. Önnur mál.

Stefna að aðgerðaráætlun vegna vara tengdum dýrum í samræmi við reglugerðir um dýravelferð, t.d. límspjöld til músaveiða, lítil eða óhentug búr, óhollur gæludýramatur (GMO) – ath aðkomu MAST að slíku eftirliti. Rætt betur á næsta fundi.

Hestur sem datt af kerru – margt alvarlegt við það mál, ákveðið að skrifa erindi til MAST um frekari úrvinnslu málsins.

Dýralæknamál verða rædd frekar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 21:55, næsti fundur boðaður 12. feb. kl. 19:30

10. fundargerð 26. febrúar 2015.

Tíundi fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2014-2015, haldinn að Grensásvegi 12A, 26. febrúar 2015.

Mættir eru: Hallgerður, Linda, Sif.

Fundur 12. febrúar féll niður, haldinn var vinnufundur þann 14. febrúar.

1. Fundargerð frá því síðast til samþykktar.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Létt yfirferð frá síðasta fundi og blaðagreinar

Erindi fulltrúa DÍS á ráðstefnu á Hvanneyri 23. febrúar sl. verður sett inn á heimasíðu félagsins. Ráðstefnan gekk vel og var ánægjulegur viðburður í þágu dýravelferðar á Íslandi. Þrír stjórnarmenn fóru á ráðstefnuna og formaður hélt erindi fyrir hönd DÍS. Engar blaðagreinar að þessu sinni.

3. Praktísk mál

Rætt um ýmis praktísk mál varðandi skrifstofu.

4. Opið hús og fundur með svínabónda

Opið hús verður haldið laugardaginn 1. mars milli 14-16.

Fundur með svínabónda klukkan 17:00 samdægurs.

5. Erindi v/aflífunar hunds

Ákveðið að halda fund með manni sem bar fram erindi um aflífun hunds 2. eða 3. mars frá kl. 17-19 og í framhaldinu ákveðið um ferli máls.

6. Mistök við tölvupóstsendingu, afgreiðsla

Ákveðið að hinkra með viðbrögð en vera tilbúin með viðbragðspóst. Ef fólk hefur samband með fyrirspurn vegna þessara mistaka verður það beðið afsökunar og óskað eftir því að það hafi samband verði það fyrir óþægindum vegna þessa.

7. Dýraverndarinn 2015

Starfsmaður leitar tilboða við prentun og kaupir ljósmyndir. Vinnufundur fyrir tímaritið 7. mars kl. 13:00.

8. Færa aðalfund frammar

Verður athugað betur á næsta fundi.

9. Erindi UST vegna hreindýraveiði

Hallgerður vinnur að tillögum miðað við ákvörðun fundar og verður með á laugardag á opnu húsi til umræðu og afgreiðslu.

10. Framhald á ungliðahreyfingarumræðu

Formaður tekur að sér að boða skráða ungliða til fyrsta fundar Ungliðahreyfingar DÍS.

11. Senda fyrirspurn vegna velferðar loðkraga/merino/angora ofl.

Ákveðið að senda fyrirspurnarbréf til fyrirtækja sem selja vörur sem eru unnar úr dýraafurðum sem að vitað er að geti tengst dýravelferðarvandamálum. Send verður fyrirspurn um stefnu fyrirtæksins varðandi velferð dýra og ósk umstaðfestingu á vottun um velferð þeirra dýra sem notuð eru til framleiðslunnar sé hún fyrir hendi. Bréfið verður sett fram fyrir næsta fund.

12. Önnur mál

13. Dýralæknamál á landsbyggðinni

Ákveðið að vinna blaðagrein til að þrýsta á ráðuneyti. Óviðunandi ástand á Norð-Austurlandi og Vesturlandi varðandi dýralækna.

Opið hús verður haldið laugardaginn 1. mars milli 14-16.

Fundur með svínabónda klukkan 17:00 samdægurs.

Vinnufundur vegna Dýraverndarans 7. mars.

Næsti almenni stjórnarfundur 26. mars.

11. fundargerð 26. mars 2015

Ellefti fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2014-2015, haldinn að Grensásvegi 12A, 26. mars 2015.

Mættir eru: Hallgerður, Linda, Sif.

1. Fundargerð frá því síðast til samþykktar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Blaðagreinar

Engar blaðagreinar að svo stöddu.

3. Praktísk mál

Ákveðið að kaupa prentara með skanna. Hallgerður ætlar að vinna eignalista fyrir aðalfund.

4. Aðalfundur og undirbúningur

Aðalfundur verður haldinn 16. maí.

5. Opið hús og aðburður viðurkenninga DÍS

Viðburður verður áætlaður 11-12. apríl, munum hafa samband við félag og fjölmiðla. Opið hús verður laugardaginn 28. mars.

6. Stjórnarfundaðastaða fyrir Félag ábyrgra hundaeigenda (FÁH) og Villiketti

FÁH óskar eftir fundaaðstöðu í húsnæði DÍS fyrir stjórnarfundi. Þeim verður veitt fundaraðstaða á hálfsmánaðarfresti. Villiketti fá áfram aðstöðu hálfsmánaðarlega fyrir stjórnarfundi. Í bili verður ekki afhentur lykill að húsnæðinu utan stjórnar.

7. Dýraverndarinn 2015

Ákveðið að skilafrestur á greinum í tímaritið verði strax eftir páska.

8. Lögfræðilít á að ekki megi kæra dýranið beint til lögreglu

Formaður ræddi við lögmann sem telur að rétt sé að þetta verði athugað nánar.

Lögmaðurinn mun vinna rýnivinnu frítt og mæla með lögfræðingi til að vinna álitid.

9. Vottun DÍS

Hugmyndir um vottun á nálgun á aðferðum við dýr í hundaskólum, reiðskólum, hestaleigum og sv.frv. ræddar. Áfram verði unnið að útfærslu vottunar velferðar búfjár. Stefnt á að Sif og Hallgerður hittist í Danmörku í haust hjá Dyrenes Beskyttelse.

10. Hugmynd um að óska eftir að sveitarfélög endurskoði viðmið um námskeið með dýrum varðandi jákvæða styrkingu

Hallgerður óskar eftir fundi með fulltrúa Reykjavíkurborgar varðandi áherslu á jákvæða styrkingu á viðurkenndum hundanámskeiðum í sveitarfélaginu og sendir erindi í kjölfarið eða framvinnur.

11. Umræða um dýraathvarf

Er í framvindu.

12. Hverjir gefa kost á sér áfram til þjónustu í stjórn DÍS

Hallgerður, Sif og Linda Karen eru á fyrsta ári í stjórn og verða því áfram.

Benedikt gefur kost á sér sem ritari áfram, Anna og Róbert ætla að hætta. Því verður kosið um 2 meðstjórnendur til tveggja ára á komandi aðalfundi 16. maí.

13. Kjötát í samhengi við dýravelferð

Rætt. DÍS tekur ekki afstöðu til kjötáts, eða hvað fólk borðar yfirleitt. DÍS telur að fólk þurfi að íhuga velferð þeirra dýra sem það neytir. DÍS tekur afstöðu til þauleldis og telur það andstætt dýravelferð.

14. Einkaleyfavinna og næstu skref

Einkaleyfið fyrir orðmyndinni Dýraverndarinn er fengið. Næstu skref verða að senda formlegt erindi bráðlega til mannsins sem er með lénið dýraverndarinn.is.

15. Önnur mál

Erindi frá Draghundafélagi hvort safna megi áheitum fyrir DÍS í draghundakeppni

Stjórn DÍS fagnar öllum framlögum sem félaginu berast frá dýravinum.

Viðburður vegna veitinga á viðurkenningum verður áætlaður 11-12. apríl.

Næsti almenni stjórnarfundur verður 16. apríl (féll niður) og þarnæsti 3. maí kl 15:00.

12. fundargerð 2. maí 2015.

Tólfti fundur stjórnar Dýraverndarsambands Íslands á starfsári 2014-2015, haldinn að Grensásvegi 12A, 2. maí 2015.

Mættir eru: Hallgerður, Linda, Sif, Benni.

1. Fundargerð frá því síðast til samþykktar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Praktísk mál

Rætt um ársreikninga. Rætt um innkomu félagsgjalda og framhald á því. Ákveðið aðsenda Dýraverndarann í síðasta skipti til allra félaga, en aðeins fullgildir félagsmenn fá blaðið í framtíðinni.

3. Blaðgreinar

Blaðgrein samþykkt. Ber heitið „Dýraverndarstarf á Íslandi“. Lagt fram af Hallgerði og Lindu og verður birt í nafni stjórnar.

4. Aðstaða fyrir stjórnarfundum Dýrahjálpar Íslands

Dýrahjálpar Íslands óskar eftir fundaraðstöðu fyrir stjórnarfundum í húsnæði DÍS. Samþykkt að veita þeim fundaraðstöðu fyrir stjórnarfundum á hálfsmánaðarfresti.

5. Hvalir – umsögn

Unnin umsögn sem óskað var eftir af hálfu Efnahags- og viðskiptanefndar og send til Alþingis.

6. Bréf til ÖBÍ v/dýrabanns í leiguíbúðum þeirra

Bréf sent til ÖBÍ og Brynju hússjóðs ÖBÍ vegna dýrabanns í leiguíbúðum þeirra.

7. Fundarboð aðalfundar og annað tengt undirbúningi hans

Unnið að undirbúningi aðalfundar.

8. Dýraverndarinn góði

Lokastig undirbúnings. Fer í umbrot á mánudag.

9. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti almenni stjórnarfundur verður eftir aðalfund.